

Nd.

191. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir fyrsta málsl. 2. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu á skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annara óviðkomandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir tíðkapt hér um hríð, að farþegaskip, sem koma í höfn hér á landi, halda farþegum, sem komnir eru á ákvörðunarstað, „í kosti“ um borð meðan skipin dvelja á staðnum, og hafa sum þeirra jafnvel auglýst þetta sem friðindi. Ástæðulaust með öllu er að leyfa slíkt áfram, þar eð það m. a. er til tjóns eðlilegu gistihúshaldi í landi, enda er slíkt ekki liðið annarsstaðar. — Þótt nærri stappi, að þetta framferði komi í bága við veitingasölulögin frá 1926, þykir þó rétt, eins og frv. fer fram á, að gera þetta ótvírætt.